



Akstursíþróttasamband Íslands

Árspaning 18. mars 2017

Fjórdða árspaning Akstursíþróttasambands Íslands var haldið í fundarsal D í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal laugardaginn 18. mars 2017 kl.11:00.

1. Þingsetning

Tryggvi M Þórðarson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð félagsmenn velkomna á fjórða árspaning AKÍS.

2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Formaður lagði til að Ingimundur Helgason, Gunnar Bjarnason og Grétar Óli Ingbórsson skipuðu kjörbréfanefnd og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta og þingritara

Formaður lagði til að Hafstein Pálsson yrði þingforseti og Þrándur Arnþórsson þingritari, sem samþykkt var samhljóða. Í framhaldi af því tók Hafsteinn við stjórn fundarins. Hafsteinn spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun árspaningsins. Það var ekki og lýsti hann því þingið löglegt.

4. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Tryggvi M Þórðarson formaður flutti skýrslu stjórnar:

Stutt skýrsla stjórnar á árspaningi AKÍS 18. mars 2017 kl. 11:00

Góðir fundarmenn,

Á síðasta starfsári voru haldnir 27 stjórnfundir, færri yfir sumarið, en síðan aðeins fleiri yfir verturinn. Á sumrin er yfirleitt notast við Google Hangouts, en að vetri til er einn *raunfundur* í mánuði á móti Hangouts fundi. Ávallt er stjórn og varastjórn boðuð. Það er gert til að varastjórn sé meðvituð um það sem er að gerast, þurfi að kalla þá til stjórnarstarfa. Mæting á þessa fundi hefur yfirleitt verið góð, en mætti vera betri hjá einstaka stjórnarmönnum - að mínu mati. Það er mín skoðun að þeir sem taka að sér að sitja í stjórn félaga - hvaða nafni sem þau nefnast - eigi að kappkosta að mæta á alla fundi. Hjá AKÍS er nú fyrir hendi fjarfundabúnaður sem ætti að einfalda það markmið mikið.

Á starfsárinu 2016 voru skráðar 60 keppnir - svo til allar haldnar - og er þetta aukning um það bil 8% frá árinu áður.

Sala keppnisskírteina var með sama sniði og áður, að greitt er fyrir hverja keppni, þó er það svo að skuldbindingar keppenda gilda út allt árið, eins og um *ársskírteini* væri að ræða.

Unnið var við nýtt skráningarkerfi fyrir keppendur, sem átti að vera tilbúið fyrir keppnistímabilið. Staðreyndin var sú að það var tilbúið seint á tímabilinu og lauk vinnu við þennan hluta rétt fyrir lok tímabilsins. Á komandi keppnistímabili munu allar skráningar verða gegnum þetta kerfi.

Færri alþjóðleg keppnisskírteini voru gefin út á árinu, sem virðist gefa til kynna að íslenskir keppendur eru ekki að keppa þar sem slíkra keppnisskírteina er krafist. Þess má geta að flestar keppnir í Evrópu - og jafnvel víðar - leyfa að notast sé við gilt keppnisskírteini frá viðkomandi landi og vera má að það hafi verið svo í ár.

Ég vona að það muni færast í aukana að við eignumst keppendur sem taka þátt í þátt í alþjóðlegum mótum eða mótardöðum erlendis. Í framhaldi af greiningarvinnu sem ÍSÍ fór í eftir að styrkur til afreksíþróttastarfs var aukinn til muna þá þurfum við að skoða okkar mál betur er kemur að afreksíþróttum. Við þurfum að skoða hvort áhugi sé meðal aðildarfélaganna og keppenda í akstursíþróttum að fara að huga og marka skref í þá átt að raungera afreksstefnu AKÍS. Eins og annað afreksstarf þá kemur það ekki af sjálfu sér.

AKÍS hefur lagt í vinnu við heildarendurskoðun reglugerðar um akstursíþróttir, en enn sem komið er hefur þeirri vinnu ekki lokið. Eitt af því sem alltaf kemur upp og háir akstursíþróttafélögum er aldurstakmarkanir þær sem settar eru í reglugerð um akstursíþróttir. Óskað hefur verið eftir fundi með Samgöngustofu þar sem rætt verði hvort aldurstakmarkanir í akstursíþróttum eigi ekki að fari eftir alþjóðlega viðurkenndum aldursmörkum fyrir hverja akstursíþróttgrein og taka þar með út þann fyrirfram ákveðna lista sem er að finna í reglugerð um akstursíþróttir.

Þá mun á sama fundi vera rætt um afskráningarheimildir bifreiða þeirra sem breytt er í keppnisbifreiðar. Í mörgum tilvikum er farið með þetta sem afskráningu, en Samgöngustofa telur að greiða eigi bifreiðaskatt af þessum bifreiðum þar sem þær eru enn í notkun. Okkar rök eru þau að sé bifreið smíðuð frá grunni til að keppa í, til dæmis, torfæru, rally-cross eða kvartmílu, þá greiðast engin slík gjöld af henni.

Það verður þó að viðurkenna alveg eins og er, að samskipti við Samgöngustofu ganga hægt fyrir sig - afar hægt.

Sú vinna í tryggingarmálum sem hófst í framhaldi af ársþingi AKÍS 2015 hefur haldið áfram. Eftir skoðun á umferðarlögum og ferli þeirra gegnum Alþingi kom í ljós að það var vilji löggjafans að tryggingar ökutækja í akstursíþróttum væru ekki undir almennum ökutækjetryggingum. Textann er að finna í 34. gr. laga nr. 50 frá 1987 en löggjafinn hefur ekki ennþá sett nauðsynlega reglugerð og reglugerðin um akstursíþróttir hefur ekki tekið á þessu með óyggjandi hætti.

Áhyggjur hafa verið um að slysatryggingar keppendur séu ekki í lagi. Þetta er ekki aðeins hér, heldur hefur FIA skorið upp herðir í þessum málum í mótardöðum sínum. Í framhaldi af FIA NEZ fundi í Osló síðastliðið haust og umræður sem Þórður Bragason átti við fulltrúa danska akstursíþróttasambandsins þá mun lagt til á þessu ársþingi að grunn slysatryggingar væru hluti af því sem keppnisskírteini okkar gæfi. Þannig væri kostnaður við skráningu í fyrsta sinn á keppnistímabilinu hærri, en keppendur væru upp frá því slysatryggðir í keppnum á vegum AKÍS. Hér er aðeins um að ræða grunn slysatryggingar þannig að keppendur eru hvattir til að huga að þessum málum.

Ég vil sérstaklega þakka Þórði Bragasoni fyrir hans hlutverk vegna þessara sjúkratryggingarmála.

Formaður ásamt forráðamönnum Bílklúbbs Akureyrar hittu forráðamenn Akureyrarbæjar í byrjun sumars og var það í mörgu góður fundur. Þessi fundur var, eins og aðrir fundir með forsvarsmönnum bæjarfélaga til að veita upplýsingar.

Þá fóru formaður, formaður Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur og framkvæmdastjóri á fund með sveitarfélagsmönnum frá Rangárþingi Ytra (Hellu) þar sem rætt var um nýtingu vega í umsjón sveitarfélagsins. Kom ýmistlegt okkur á óvart sem þar kom fram, en samræður við þá halda áfram.

Opinber þátttaka AKÍS í ráðum og nefndum á vegum ríkisins er í gegnum Umferðarfragráð, en eftir að formaður og varaformaður þess sögðu af sér þá hefur enginn fundur verið haldinn í því og svo virðist sem Umferðarfragráð sé með öllu dautt. Ekki virðist hafa breytt neinu þó ný ríkisstjórn hafi tekið við.

Í upphafi árs 2016 kom staðfesting á því að umsókn okkar til FIA um aðstoð við brautarúttektir hafi verið samþykkt. Unnið hefur verið í þessu verki og mun því haldið áfram nú í vetur og stefnt er að því að ljúka þessu starfi á þessu ári. Þetta er mikil vinna sem að mestu fer fram með gerð teikninga af svæðum og úttekt teikninga af FIA.

Þá þurfa klúbbarnir sem um ræðir einnig að sýna fram á að bæjarfélagið hafi veitt þeim formlega heimild til þess að vera með akstursíþróttastarfsemi þarna. Svo virðist sem FIA hafi lent í því að slíkar heimildir hafi vantað á nokkrum stöðum sem þeir voru búnir að veita fé til.

Á því keppnistímabili voru lög og reglur AKÍS hvað varðar kæru og áfrýjunarmál reynd og kom í ljós að gera þurfti breytingar á þeim. Fyrstu tillögur lágu fyrir á síðasta formannafundi en nú eru þær lagðar fram í endanlegri mynd.

Helstu breytingarnar eru þær að sett verða upp tvö dómstig og er dómnefnd keppna fyrra dómstigið og áfrýjunardómstóll hið síðara. Þetta þýðir að hlutverk dómnefnda í keppnum er afar mikilvægt.

Slys varð á torfæru á Akranesi sem beindi ljósi okkar að málefnum ljósmyndara, en þeim hefur verið gefinn möguleiki á því að vera innan banda til að taka ljósmyndir. Í framhaldi af því þá var gerð uppkast að yfirlýsingu sem keppnishaldarar geta notað til að myndatökufólk geri sér grein fyrir umhverfinu. Á þessu þingi mun þetta formlega lagt fram til samþykktar.

Í eftirmálum þessa slyss var ljóst að heimildir skorti til að öryggisfulltrúi gæti skoðað keppnistæki eftir keppni, en lögð mun til breyting í keppnisreglum þar sem allur vafi er tekinn af.

Vegna hegðunar á bíladögum á Akureyri í ár voru nokkrir keppendur kærðir til Aga- og úrskurðarnefndar AKÍS og var það í fyrsta sinn er slíkt gerðist. Úrskurður nefndarinnar var sá að viðkomandi voru dæmdir í keppnibann á bíladögum 2017.

Síðla sumars var umræða um hvort AKÍS ætti að setja síðareglur um samskipti á samfélagsmiðlum, hvaða nafni sem þeir nefnast. Á þessu ársþingi er því lagðar fram síðareglur fyrir keppendur og stjórnendur í akstursíþróttum er viðkomandi geysast fram í samfélagsmiðlum. Þetta er gert að fyrirmynd og reynslu sem önnur íþróttasambönd innan ÍSÍ og systursambönd okkar erlendis hafa af þessum málum.

Umhverfisstefna AKÍS og aðildarféлага þess hefur ekki verið mikið til umræðu á þessu keppnistímabili, en nauðsynlegt er að halda henni á lofti. Framkvæmdastjóri hefur athugað hvernig við gætum reiknað hvað við þyrftum til að kolefnisjafna starfsemina, en mismunandi er fyrir hverja grein hvernig það er gert. Enn er unnið að þessu og vonandi munum við leggja til ákveðnar tillögur á næsta ársþingi

Þó vil ég taka þetta tilefni og hvetja alla klúbba sem hyggja að því að gróðursetja eitthvað á félagssvæði sínu, hvort heldur það er gras eða tré eða runnar, að setja það allt í gegnum kolefnisjöfnuð og sýna það sérstaklega í bókum félaganna.

Í byrjun október síðastliðinn hélt FIA - Women in motorsport ráðstefnu í Portúgal þar sem Katrín María Andrésdóttir var fulltrúi Íslands. Mikil áhersla er lögð á konur í akstursíþróttum innan FIA og ýmis athyglisverð tölfræði kom fram á ráðstefnunni og góðar hugmyndir. Haldinn var fundur með áhugasömum konum (og körlum) í framhaldinu og blásið til sóknar í þessum efnunum. Þar var ákveðið að skipa vinnuhópa sem sjá munu um ákveðin verkefni. Til dæmis sögu kvenna í íslenskum akstursíþróttum, samfélagsmál, umsjón með heimasíðu AKÍS um þessi mál. Seinna á ársþinginu mun lagt til að ársþingið lýsi yfir stuðningi við þessa vinnu.

AKÍS tók þátt í starfi NEZ á árinu. Hingað til hafa lítil sem engin samskipti verið milli nefnda NEZ og fulltrúa AKÍS, hverju svo sem það sætir, utan rally og torfæra. Í ár tók AKÍS þátt í starfi allra nefnda NEZ er hittust á haustfundinum í Osló. Ég held að þau tengsl sem þar mynduðust hafi verið mikilvæg og komi okkur til góða í framtíðinni.

Slysatryggingarmálefni ökumanna eru beinn akkur af því að farið var á þennan fund. Þá var aðkoma að reglum og reynslu í tímaati / hringakstri / kappakstri til mikilla bóta og styttri tímann er tók að gera reglur þær sem samþykktar hafa verið um þetta. Samband við drift og rally-cross hefur orðið til þess að víkka út sjóndeildarhring og yta á þá nauðsyn að öryggisreglur þurfa að vera til staðar alltaf alls staðar.

Á FIA North European Sport Conference haldið í Osló á sama tíma of FIA NEZ fundurinn var farið yfir meðal annars búnað ökumanna. Kom fram að á meðan þessi búnaður (galli, hjálmur, undirfatnaður, skór, hanskar og FHR (HANS/Hybrid) er hreinn og óhjáskaður þá er í lagi að nota hann. Það er því ekki gildistími á þessum hlutum, svo fremi þeir hafi rétta staðlamerkingu frá FIA.

Þá var einnig kynning á Race-True átaki FIA, sem er barátta þeirra gegn lyfjamisnotkun í akstursíþróttum. Unnið hefur verið að því að íslenska þennan bækling og mun honum dreift til allra keppenda er hann kemur.

Í lok FIA North European Sport Conference var formaður skipaður í vinnuhóp ásamt fulltrúum þriggja annarra landa. Vinnuhópurinn fjallaði um framtíðar skipulag *Regional Sport Conference* og hvernig FIA ásamt samböndunum kæmu að því og fyrir hverja það væri. Hittst var í Genf í heilan dag, en fyrir þann tíma voru mikil samskipti í síma og í gegnum skjöl. Niðurstaðan var síðan tillaga til FIA um hvernig halda mætti þessi *Regional Sport Conference* á skilvirkari máta. Nú kemur í ljós á þessu ári hvernig til tókst í þessari vinnu.

Formaður sótti FIA World Sport Conference og ársþing FIA. Á World Sport Conference, þar sem var farið yfir marga þætti, en áherslan var lögð á samvinnu þess gamla og þess nýja - ekki aðeins í hönnun heldur einnig keppnum. Má segja að mottóið hafi verið "Ungur nemur það gamall temur".

Ársþing FIA var hefðbundið að öllu leiti, utan auðvitað það að heimsmeisterinn í F1, Nico Rosberg, tilkynnti að hann væri hættur keppni.

Þau ánægjulegu tíðindi gerðust 2016 að torfærumönnum var boðið til Goodwood festival of Speed. Sýndu þeir listir sínar og getu þar, en segja verður að brautin sem þeir höfðu var ekki mjög krefjandi. Spurning er hvort af þessu verði aftur, en Goodwood FoS er afar stór ökutækjasýning þar sem öllu ægir saman, fortíð, nútíð og framtíð. Tækni og einfaldleika, keppni og akstri. Áætlað var að um nærfellt 150þús manns hefðu komið þangað 2016.

Þá gerðist það að torfæruökumenn fóru með ökutæki sín til Bandaríkjanna og var haldin þar sýning á Íslenskri torfæru. Sömuleiðis var haldin keppni þar sem brautarreglur í torfæru voru notaðar og þarlendum ökuönnum boðin þátttaka, en ökutæki þeirra hefðu ekki staðist öryggiskoðun samkvæmt reglum okkar um torfæru. Það var AKÍS vonbrigði að það skyldi gert án fulltingi okkar og í gegnum FIA, en þetta var skipulagt af einstaklingi með öðrum aðilum innan USA, sem ekki eru aðilar að FIA.

Tvær nýjar akstursíþróttagreinar voru formlega teknar undir væng FIA, þó svo að búið sé að keppa í báðum í lengri tíma, það er *cross car* og *drift*. Cross car er buggy fyrir rally cross sem þó er hægt að aka á malarbraut aðeins. Sama grind og yfirbygging er notuð frá 8 ára aldri - hið eina sem breytist er vélarstærð. Kannski eitthvað sem við ættum að skoða - brautir geta verið tún eða gryfjur og grófari en við þekkjum í dag. Drift þekkjum við vel og þarf ekki að fjalla nánar um það.

Öryggi í aksturskeppnum þarf ávallt að vera í fyrirrúmi. Með þeim slysum sem gerst hafa, sérstaklega þá í röllum erlendis í rallinu, þá kemur krafa að við gerum skriflega öryggisáætlanir fyrir allar keppnir á okkar vegum - rall eða braut - skiptir ekki máli.

Sem hluti af þessu þá hefur AKÍS sett saman minnislista (tikbox) fyrir helstu starfsmenn keppni. Þessi listi er án efa ekki fyllilega tæmandi, en hann er lifandi skjal og minnir á það sem hafa þarf í huga til að akstursíþróttakeppni fari fram af öryggi fyrir alla aðila.

Þá hefur verið sent út til allra aðildarféлага AKÍS beiðni um að fá upplýsingar um hverjir það eru sem hafa komið að stjórnun og starfi í keppnum fyrir viðkomandi aðildarfélag. Í framhaldinu munu ætlast til að helstu stjórnendur komi af þessum lista til að fá jákvæða umsögn AKÍS er sótt er um keppni.

Stefnt er að því að í ár verði byrjað að halda örnámskeið í öryggismálum og ábyrgð helstu stjórnenda keppna á keppnisstað. Ætlað er að það sé um það bil 30mín að lengd, en fari yfir það helsta. Vakni spurningar þá er hægt að svara þeim í framhaldinu.

Á undangengu ári hefur mikið verið fjallað um tölvuleikjakappakstur. Á vegum FIA er samstarf við Sony/Polyfony þar sem átti að gefa út leikinn Gran Turismo fyrir Playstation tölvur og brautirnar voru teknar út af FIA. Vegna einhverra tækniröðugleika þá hefur orðið ársfrestun á þessu og vonumst við til að sjá þennan leik koma á nýju ári.

AKÍS á eftir að marka sér stefnu í málefnum aksturskeppna í sýndarheimum, til dæmis, hvort það eigi yfirleitt að koma nálægt þessu. Við gerum okkur þó grein fyrir því að FIA og systursamtök okkar annars staðar hefur verið mjög um að skipuleggja þessar keppnir sem byrja í sýndarheimi en síðan er lokakeppnin í raunverulegum bifreiðum á raunverulegri braut.

Þau gleðilegu tíðindi bárust á haustmánuðum 2016 að Ungmennafélagið Hekla á Hellu hefði stofnað akstursíþróttadeild og bjóðum við fulltrúa Umf. Heklu velkominn á þetta ársþing AKÍS. Við þetta vaknar

spurning hvort athuga þurfi grein 7.7 í lögum AKÍS, en það mun ekki gert á þessu ársþingi, heldur síðar - sé þess þörf.

AKÍS hefur ekki komið að verkefnum FIA um öryggi í umferðinni, en vera má að í einhvers konar samstarfi við Félag íslenskra bifreiðaeigenda ætti að skoða það.

Ég vil þakka stjórnar og varastjórnarmönnum sem nú hverfa frá fyrir samstarfið frá því að síðasta ársþingi og óska þeim farsældar í því sem og nýjum störfum.

Það eru spennandi tímar framundan í akstursípróttum - nýtum það svo sem best og sambandinu og akstursípróttum til heilla.

Ég þakka fyrir gott hljóð

5. Endurskoðaðir reikningar AKÍS lagðir fram og kynntir

Jón Bjarni Jónsson gjaldkeri kynnti reikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2016.

6. Álit kjörbréfanefndar

Ingimundur Helgason talaði fyrir kjörbréfanefnd og staðfesti að 23 atkvæði eru gild á þinginu.

7. Umræður og samþykkt reikninga

GB spurði um brautarúttektir vegna FIA verkefnis. Hann hefur áhyggjur af öryggi brautanna. TMP kvað úttektir fyrir þetta ár verða með svipuðum hætti og fyrri ár en þó mun AKÍS gera þetta á ábyrgan hátt.

IH kvað aðalmarkmið með FIA verkefninu vera þær tillögur sem það skildi eftir sig og hvað gera þyrfti til að gera brautirnar betri.

GG spurði hvort Ísland ætti ekki fulltrúa á vofundi NEZ sem haldinn er 18. og 19. mars í Stokkhólmi. TMP kvað vofund yfirleitt aðeins fyrir stjórn NEZ og svo væri einnig núna. Stjórnarfundur NEZ væri á dagskrá frá 10:00 til 15:00 þann 19. mars og hann yrði með á þeim fundi gengum fjarfundabúnað.

EG spurði um FIA styrk. TMP - AKÍS er búið að fá 3,5 milljónir og von á 3 milljónum á þessu ári. AKÍS þarf að leggja jafn mikið á móti.

EG sagði að lottópeningum væri yfirleitt dreift á aðildarfélög og AKÍS ætti að gera það líka. HP sagði þessa tilhögun algenga meðal íþróttabandalaga og héraðssambanda, en ekki meðal sérsambanda.

GG spurði hvert væri starfshlutfall framkvæmdastjóra. TMP og EG svöruðu að starfshlutfall og kjör væru samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi, þar sem starfslýsing væri einnig.

GÞG spurði um útbreiðslustyrk og ríkisstyrkur. HP sagði að þessi hugtök ættu sér sögulegar skýringar, sem haldist hefði eftir að Lottó peningur tók við þessu, enda er útbreiðslustyrkur hluti af lottótekjum.

Því næst voru reikningar samþykktir samhljóða.

8. Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson flutti kveðjur framkvæmdastjórnar, forseta og starfsfólks ÍSÍ. Hafsteinn þakkaði stjórn AKÍS fyrir gott samstarf. Nú stendur yfir vinna hjá ÍSÍ vegna aukins fjármagns í afrekssjóð. Hafsteinn hvetur til að nota Getspá með öðrum leiðum til að afla fjár til starfseminnar. Hann minnti á komandi íþróttabing ÍSÍ, sem verður haldið í byrjun maí þar sem stærri afrekssjóður verður án efa ræddur og einnig reynir í fyrsta sinn á nýtt fyrirkomulag kosninga.

AKÍS stendur vel fjárhagslega og þarf að meta hversu mikinn stofn þarf til að vera vel rekstrarhæft. Hafsteinn vonast eftir góðu akstursíþróttarári og áframhaldandi góðu samstarfi við ÍSÍ.

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Jón Bjarni Jónsson fór yfir fjárhagsáætlun Akstursíþróttasambands Íslands fyrir árið 2017.

10. Lagabreytingatillögur

Þingforseti fór yfir lagabreytingatillögur sem voru samþykktar eftir umræður.

11. Keppnisreglur AKÍS

Þingforseti fór yfir tillögur um breytingar á keppnisreglum AKÍS fyrir árið 2017. Samþykktar breytingar.

12. Reglugerðir AKÍS

Þingforseti fór yfir tillögur um nýjar reglugerðir:

- Reglur fyrir fjölmiðlafólk í aksturskeppnum - Samþykkt samhljóða
- Reglugerð um áfrýjunardómstól AKÍS - Samþykkt samhljóða
- Reglugerð um dómnefndir AKÍS - Samþykkt samhljóða
- Siðareglur um notkun samfélagsmiðla - Samþykkt samhljóða

Auk þess voru breytingar á Reglugerð um keppnisráð AKÍS samþykktar samhljóða.

13. Samþykkt ársþings: Konur í akstursíþróttum

Ársþing AKÍS haldið 18. mars 2017 felur stjórn AKÍS að vinna áfram að aukinni þátttöku kvenna í akstursíþróttum.

Katrín María Andrésdóttir ásamt hópi áhugasamra kvenna og karla hafa leitt þessa vinnu af röggsemi og hugsjón. Ársþing AKÍS vonar að framhaldið verði jafn farsælt og árangurinn skili sér í fjölgun kvenkyns keppenda, starfsmanna og stjórnenda keppna.

14. Samþykkt ársþings: Ályktun ársþings AKÍS 2017 um íþróttavegi

Ársþing AKÍS haldið 18. mars 2017 telur eðlilegt að þeir vegir (eða hluti þeirra) sem notaðir hafa verið til að keppa á í rally, bæði þjóðvegir og sveitavegir, verði skilgreindir sem íþróttavegir og að veitt verði sérstöku fé til viðhalds þeirra. Farið verði með úthlutun fjárens í samræmi við úthlutun Vegagerðarinnar vegna liðarins reiðvegir í Samgönguáætlun.

15. Umræður um fjárhagsáætlun og önnur mál

- **Brautarúttektarverkefni FIA** - Rætt um hvernig farið verður með úttekt brauta fyrir keppnisárið 2017. Ábyrgð er á höndum stjórnar AKÍS.
- **Slysa- og dánartryggingar keppenda** - Keppnisskírteini yrðu 5.000 fyrir fyrstu keppni og 1.000 fyrir hverja keppni eftir það.

Fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

-

Gunnar Bjarnason AÍH lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um að stjórn AKÍS fái sérfræðing í öryggismálum t.d. umferðaröryggismálum, héðan frá Íslandi til að taka út nýjar og gamlar brautir fyrir æfinga- og keppnistímabilið 2017 svo fyllsta öryggis sé gætt.

Þetta verði gert tímanlega svo að brautareigendur geti lagað ef þarf fyrir tímabilið.

Tillaga Gunnars var samþykkt með 12 atkvæðum gegn 6.

16. Kosningar

16.1 Formaður

Aðeins hafði borist framboð frá Tryggva M. Þórðarsyni til formanns þannig að hann var sjálfkjörinn og var það staðfest með lófataki.

16.2 Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára

Sjálfkjörin til næstu tveggja ára voru þau Helga Katrín Stefánsdóttir og Ragnar Róbertsson, en aðeins hafði borist framboð frá þeim áður en framboðsfrestur rann út.

Kjósa þurfti um eitt sæti í stjórn og stóð kjörið milli Garðars Þórs Garðarssonar (BA) og Torfa Arnarsonar (BÍKR), en Torfi Arnarson var kosinn með 15 atkvæðum.

16.3 Kosning þriggja manna í varastjórn

Til setu í varastjórn buðu Baldvin Hansson, Garðar Þór Garðarsson, Jón Rúnar Rafnsson og Kristinn Snær Sigurjónsson sig fram. Þar sem aðeins eru þrír í varastjórn þurfti að kjósa og fór svo að Baldvin Hansson fékk 19 atkvæði, Garðar Þór Garðarsson fékk 19 atkvæði og Kristinn Snær Sigurjónsson fékk 16 atkvæði og töldust þeir því réttkjörnir.

16.4 Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins

Gunnar Bragason og Ingimundur Helgason voru samþykktir með lófataki sem skoðunarmenn.

16.5 Fulltrúar á íþróttapingi ÍSÍ

Ákveðið var að fulltrúar AKÍS á íþróttapingi ÍSÍ yrðu TMB, HKS og JBJ

16.6 Áfrýjunardómstóll AKÍS

Tillaga formanns AKÍS var að eftirtaldir skipuðu Áfrýjunardómstól AKÍS:

- Skúli Bjarnason hrl. formaður
- Hannes J. Hafstein hdl. varaformaður
- Berglind Jónasardóttir
- Þórhallur B. Jósepsson
- Árni Árnason

og var það samþykkt með lófataki.

17. Þingslit

Tryggvi M. Þórðarson þakkaði það traust sem honum er sýnt og hlakkar til að taka þátt í góðu samstarfi um framtíðaruppbyggingu öflugra akstursíþróttá á Íslandi og það fundargesti góðrar heimferðar og heimkomu.

Þingi slitið um kl. 17:20

Þinggerð ritaði Þrándur Arnþórsson.

Viðauki 1 Kjörbréf

Skipting fulltrúa og mæting var sem hér segir:

	Fulltrúar	Mættir	Skirteini
AÍH	4	4	218
BA	4	4	132
KK	4	4	102
TKS	3	3	76
AÍFS	3	2	61
BÍKR	3	3	57
Start	1	1	11
BS	1	1	10
Stimpill	1	1	6
	24	23	673

Viðauki 2 Mæting

Nafn	Félag
Jón Rúnar Rafnsson	BA og í varastjórn AKÍS
Grétar Óli Ingbórsson	BA
Garðar Þór Garðarsson	BA
Baldvin Hansson	KK
Arngrímur Þorri Gylfason	BÍKR
Guðni Freyr Ómarsson	BÍKR
Torfi Arnarson	BÍKR
Elfa Stefánsdóttir	TKS
Guðbjörn Grímsson	TKS
Ragnar B. Gröndal	AÍFS
Emelía R. H. Olsen	AÍFS
Stefán Smári Ásmundarson	FBSH
Kári Rafn Þorbergsson	Hekla
Steinþór Michelsen	TKS
Þórður Bragason	BÍKR og í stjórn AKÍS
Jón Bjarni Jónsson	KK og í stjórn AKÍS
Ingimundur Helgason	KK
Ingólfur Arnarson	KK
Þórður Guðni Ingvason	BS
Magnús Á Ástráðsson	Start og í varastjórn AKÍS
Helga Katrín Stefánsdóttir	TKS og í stjórn AKÍS
Gunnar Bjarnason	AÍH
Sigurður Gunnar Sigurðsson	AÍH og í stjórn AKÍS
Kristinn Snær Sigurjónsson	AÍH
Ragnar Róbertsson	Stimpill og í stjórn AKÍS
Einar Gunnlaugsson	BA og í stjórn AKÍS
Hafsteinn Pálsson	ÍSÍ
Tryggvi M Þórðarson	BÍKR og í stjórn AKÍS
Þrándur Arnþórsson	framkvæmdastjóri AKÍS

Viðauki 3 Ársreikningur AKÍS

Rekstrarreikningur

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Keppnisskírteini.....		1.255.046 kr.	1.251.000 kr.
Umsagnargjöld.....		700.000 kr.	725.000 kr.
Keppnistæki.....		(0 kr.)	40.000 kr.
Erlendir styrkir.....	1	3.503.250 kr.	(0 kr.)
Aðrar tekjur.....		(0 kr.)	535.984 kr.
Lottótekjur.....		3.379.347 kr.	2.935.363 kr.
Útbreiðslustyrkur.....		2.227.300 kr.	1.956.615 kr.
Ríkisstyrkur.....		2.600.000 kr.	2.650.000 kr.
NEZ tekjur.....		(0 kr.)	291.467 kr.
Samtals tekjur		13.664.943 kr.	10.385.429 kr.
Launakostnaður.....		4.464.000 kr.	4.320.000 kr.
Námskeiðahald.....		0 kr.	50.633 kr.
Aðkeypt þjónusta.....	2	1.092.936 kr.	901.366 kr.
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....		176.553 kr.	81.534 kr.
Húsaleiga.....		239.484 kr.	217.734 kr.
Ferðakostnaður innanlands.....		248.861 kr.	423.882 kr.
Ferðakostnaður erlendis.....	3	1.540.310 kr.	332.694 kr.
Pappír og prentun.....		81.817 kr.	203.054 kr.
Verðlaunagripir.....		103.210 kr.	163.316 kr.
Póstsendingar og sími.....		21.070 kr.	3.200 kr.
Fundir.....		359.383 kr.	371.456 kr.
Gjöld til FIA.....		670.008 kr.	699.599 kr.
Kostnaður NEZ.....		141.820 kr.	441.966 kr.
Annar rekstrarkostnaður.....		8.780 kr.	0 kr.
Afskriftir fastafjármuna.....	4	250.000 kr.	250.000 kr.
Samtals gjöld		9.398.232 kr.	8.460.434 kr.
Rekstrarhagnaður		4.266.711 kr.	1.924.995 kr.
Fjármunatekjur.....		25.037 kr.	5.733 kr.
Fjármagnsgjöld.....		(629 kr.)	(9.789 kr.)
Niðurfelldar kröfur.....		(262.611 kr.)	(0 kr.)
Hagnaður ársins		4.028.508 kr.	1.920.939 kr.

1. **Erlendir styrkir** - FIA styrkur vegna brautarverkefnis þar sem markmiðið er að bæta öryggi á föstum brautum KK, AÍH og BA.
2. **Aðkeypt þjónusta**
 - Mótakerfi - 1.054.000
 - Tryggingaráðgjöf - 38.936
3. **Ferðakostnaður erlendis** -
 - a. Sendinefnd AKÍS fór á FIA Regional Sport Conference og FIA NEZ fund í Osló
 - b. Fulltrúi AKÍS fór á FIA Women in Motorsport.
 - c. Formaður fór eftirtalda fundi erlendis hjá FIA:
 - i. Vor- og haustfundur FIA NEZ
 - ii. FIA World Sport Conference
 - iii. Aðalfund FIA
 - iv. Fund hjá FIA vegna máls sem kom upp á haustfundi FIA NEZ í Oslo

4. **Afskriftir fastafjármuna** - Tetra stöðvarnar verða ónothæfar eftir 2017. 50% afskrifað 2015 og afgangur núna (250.000).

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0 kr.	250.000 kr.
Aðrar óefnislegar eignir.....		0 kr.	0 kr.
		0 kr.	250.000 kr.
Eignarhlutar í öðrum félögum			
Eignarhlutar í öðrum félögum.....		0 kr.	0 kr.
		0 kr.	0 kr.
Veltufjármunir			
ÍSÍ staða.....		1.745.841 kr.	1.832.996 kr.
FIA verkefni.....		3.503.250 kr.	0 kr.
Viðskiptakröfur.....	5	154.007 kr.	0 kr.
Aðrar skammtímakröfur.....		0 kr.	901.392 kr.
Handbært fé.....	6	2.441.298 kr.	1.022.877 kr.
Samtals eignir		7.844.396 kr.	4.007.265 kr.
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....		3.659.318 kr.	1.738.379 kr.
Hagnaður ársins.....		4.028.508 kr.	1.920.939 kr.
Eigið fé samtals		7.687.826 kr.	3.659.318 kr.
Skuldbindingar			
Skuldbindingar samtals		(0 kr.)	(0 kr.)
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....	7	(215.430 kr.)	(174.053 kr.)
Aðrar skammtímaskuldir.....		372.000 kr.	522.000 kr.
Álagðir skattar.....		(0 kr.)	(0 kr.)
Samtals skammtímaskuldir		156.570 kr.	347.947 kr.
Samtals skuldir og eigið fé		7.844.396 kr.	4.007.265 kr.

5. **Viðskiptakröfur** - 149.000 inneign hjá félögum vegna óuppgerðra keppnisskírteina.
6. **Handbært fé** - Inneign á reikningum í Arionbanka og Íslandsbanka.
7. **Viðskiptaskuldir** - Inneign á VISA inneignarkorti.